

Sp.

93. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Frá menntamálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 650 þús. kr. úr ríkissjóði til kaupa á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Greinargerð.

Haustið 1942, þegar rektor fluttist í íbúðina í menntaskólahúsinu, var honum heitið því af þáverandi ríkisstjórn, að honum skyldi séð fyrir öðru húsnæði á næsta ári.

Á árinu 1945 hafði fjármálaráðuneytið gert ráðstafanir til þess að losa úr leigu húseign þá, er ríkissjóður á við Lækjargötu og nefnd er Gimli. Ræddi ég þá þegar í ríkisstjórninni, að rektor Menntaskólans fengi hús þetta til íbúðar, er það losnaði, því að hann gerði á því engan kost að búa lengur í skólahúsinu. Væri og full þörf á að breyta vistarveru rektors þar í kennslustofur, þegar ykist enn aðsókn að skólanum sakir breyttrar stefnu í menningarmálum. Samtímis mun hafa komið til orða, að biskup fengi hús þetta til sinna nota. Urðu málalok þau í ríkisstjórninni, að ég og kirkjumálaráðherrann skyldum koma okkur saman um ráðstöfun hússins. Gekk það greiðlega, og taldi ég, að fullt samkomulag hefði orðið um, að rektor skyldi flytjast þangað, enda er hús þetta rétt við skólann og að því leyti einkar hentugur rektorsbústaður.

Með þessu móti hugði ég húsnæðismál rektors leyst.

Húsnæði þetta losnaði þó ekki fyrr en síðast liðið vor. Kom þá í ljós, að fjármálaráðherra hafði ráðstafað húsinu á annan hátt og ákveðið, að biskup skyldi flytja þangað að viðgerð lokinni. Fékkst þeirri ákvörðun ekki breytt.

Í sumar dvaldi rektor í menntaskólaselinu austur í Ölfusi og kvaðst eigi þaðan flytja fyrr en íbúð fengist utan skólahússins. Var enn á ný leitað eftir húsnæði handa honum, annaðhvort til kaups eða leigu. Leiguíbúðir buðust engar og eigi kauptilboð, er bæði rektor og fjármálaráðuneytið teldu hentug.

Í byrjun októbermánaðar s. l. skýrði fjármálaráðherra mér og rektor frá húseign í Kleppsholti, sem málf lutningsskrifstofa Einars B. Guðmundssonar hefði til sölu. Hefur eign þessi verið athuguð og reyndist að ýmsu gölluð. En við Garðastræti er nú til sölu stórt hús, og vandað að því er virðist. Söluverð þess er 650 þús. kr. Hús þetta er kjallari, tvær hæðir og ris. Mundi rektor nægja til sinna nota efri hæðin og risið, en hinn hlutann mætti nota á annan hátt í þarfir ríkisins.

Ætlunin er að festa kaup á þessu húsi, ef tillagan verður samþykkt, eða öðru, ef hagstæðari kaup bjóðast.